



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð

Sendandi: Menningar- og íþróttasvið

Reykjavík, 12. júní 2025

MIR25050024

MINNISBLAÐ UM BÍÓ PARADÍS

Um árábil hefur Reykjavíkurborg stutt við starfsemi Bíó Paradísar, en Bíó Paradís við Hverfisgötu hefur öðlast sess sem mikilvæg menningarstofnun í Reykjavík.

Sjálfsseignarstofnunin Heimili kvikmyndanna var sett á laggirnar í ágúst 2010. Stofnaðilar voru samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík og Félag kvikmyndaunnenda.

Tilgangur Heimilis kvikmyndanna samkvæmt samþykktum er að standa fyrir sýningum á listrænum og sígildum kvikmyndum, dreifingu kvikmynda og stuða að eflingu kvikmyndamenntunar í íslensku skólakerfi.

Til að ná tilgangi sínum rekur Heimili kvikmyndanna, kvikmyndahúsið Bíó Paradís við Hverfisgötu 52 í Reykjavík. Í júní 2020 rann leigusamningur Heimilis kvikmyndanna við eigendur hússins út.

Ríki og borg tóku höndum saman og gerður var sérsamningur að upphæð 22. m.kr. til að koma til móts við rekstur hússins sem gildir út árið 2026. Að auki er í gildi samningur sem rennur út nk. júní og er fyrir árin 2020 – 2025 að upphæð 13 m.kr.

Þetta þýðir að í gildi eru tveir samningar vegna starfsemi Bíó Paradísar. Annar samningurinn rennur út nk. júní og er fyrir árin 2020 – 2025 að upphæð 13 m.kr. Hinn samningurinn er fyrir árin 2024 – 2026 að upphæð 22.000 m.kr.

Með þetta að leiðarljósi er lagt til að gerður verður eins árs samningur fyrir 2025 – 2026 að upphæð 13 m.kr. til að ekki verði rof í starfseminni.

Þegar seinni samningurinn rennur út í lok árs 2026 verði þessir tveir samningar sameinaðir í einn samning.

Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson

Sviðsstjóri

Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík